



# Skýrsla utanríkisráðherra um samningaviðræður um endurskoðun varnarsamnings 6. Desember.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Þingrof – Kommúnistar – Varnarsamningur – Norður-  
Atlantshafsráðið – 6 desember

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-2, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skýrsla utanríkisráðherra um samningaviðræður um endurskoðun varnarsamnings.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er skiljanlegt að á svo skömmum tíma, sem við höfum haft til ath. þeirra samninga, sem hér eru til umr., þá er ekki hægt að átta sig á þeim til hlítar. Það er eðlilegt. Gerð þeirra tók sem sagt frá 20-24. nóv. og síðan er komið í ljós, að annar aðilinn hefur þurft 12 daga, að því er mér skilst, til þess að átta sig á þeim af sinni hálfu, og er því ekki nema von, að ekki sé til hlítar hægt að sjá, hvað hér er um að ræða, á einum tveimur klukkustundum eins og við höfum hér fengið til umræða, eða tveim, þremur klukkustundum. Ég vil þó, að undangenginni þessari litlu athugun, endurtaka þakklæti mitt til hæstv. utanrrh. fyrir það að hafa náð þeim megintilgangi, sem við sjálfstæðismenn stefndum að með tillögum okkar fyrir nokkrum vikum í þá átt að tryggja varnir landsins. Í þessu samkomulagi, sem nú liggur fyrir, er skýrt tekið fram, með leyfi hæstv. forseta: Viðræðurnar hafa leitt til samkomulags um, að vegna ástands þess, er skapast hefur í alþjóðamálum undanfarið og áframhaldandi hættu, sem steðjar að öryggi Íslands og Norður-Atlantshafs-ríkjanna, sé þörf varnarliós á Íslandi samkv. ákvæðum varnarsamningsins.

Sp. 6. des.  
15. f.

Þetta orðalag, eitt út af fyrir sig, er ómögulegt að skilja á annan veg heldur en þann að viðurkennt sé af hæstv. ríkisstj. að úr gildi sé fallinn ályktun Alþingis frá 28. marz 1956, enda er ljóst að forsendur hennar og það sem átti að ná með henni, er ómerkt með þeim orðum, sem ég áðan las, en síðari hluti þál. frá 28. marz hljóðar svo. Með hliðsjón af breyttum viðhorfum síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður og með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur hér á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja, þó ekki hernaðarstörf og að herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breyt. verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkv. 7. gr. samningsins.

Nú er viðurkennt að þörf sé varnarliós á Íslandi samkv. ákvæðum varnarsamningsins og þar með er þá orðið ljóst að sú fyrirætlan að láta varnarliðið hverfa á brott og hvað þá að segja, fylgja því eftir með uppsögn samningsins, er niður fallið.

Þetta er mjög mikilsverð staðreynd og ég játa, að þó að ég sé núv. stjórn andstæður, þá játa ég að ég tel að hæstv. utanrrh. eigi þakkir alþjóðar fyrir það að hafa fengið þessu framgengt. Hitt er svo annað mál, að þó að meginatriðið hafi náðst og það sé mest um vert, þá er engu að síður nauðsynlegt að athuga önnur atriði í þessu sambandi, bæði gera sjálfum sér og öðrum ljóst um hvað er verið að semja og íhuga, hvort öll atriði þess samnings sem gerður hefur verið, er Íslendingum

til hags eða ekki. Utanrrh. sagði að umr. við Bandaríkjamenn hefðu farið fram í vinsemi og af hreinskilni. Þessu trúi ég mjög vel. Min reynsla af skiptum við Bandaríkjamenn þann tíma, sem ég fór með utanríkismál Íslands eru mjög í samræmi við þetta. Það var einmitt vegna þess að Bandaríkin, þessi völdugu ríki, hafa ætíð samið við okkur Íslendinga sem eru veikastir af öllum ríkjum, að þau hafa engu að síður samið við okkur samjafningja. Það er sú staðreynd, sem hefur gert það að verkum, að ég hefi talið fært að hafa við þau jafn náð samstarf og orðið hefur og sannarlega hefur leitt til góðs fyrir Íslendinga, eins og ég trúi að það hafi orðið til gagns og styrktar fyrir heimsfriðinn. Og ég tek því vissulega undir öll lofsyrði hestv. utanrrh. um Bandaríkin, og játa það með honum, að það er eðlilegt að við minnumst sambúðar þeirra við okkar, einmitt á þeim tímum þegar okkur er <sup>u</sup> rík í huga hin ömurlegu örlög Ungverjalands og þökkum guði fyrir að eiga ekki slíkan nágranna, sem sú heitþjóð hefur orðið svo ógæfusöm að yfir hennar land hefur komið, <sup>2t</sup> en hreinskilnin, hún gagnar okkur best, ekki aðeins í skiptum okkar við Bandaríkin, heldur við allar þjóðir og einnig í innbyrðis skiptum okkar Íslendinga, og þá verð ég að játa að svo mikils sem ég met og viðurkenni þann meginárangur, sem hestv. <sup>utanrrh.</sup> ~~ráðn.~~ frá sjónarmiði Íslendinga, hefur náð með samningsgerð sinni, þá verður ~~það~~ aðsegjast eins og er, að samningarnir eru ekki að ölluleyti nógu ljósir.

Samkv. orðum hestv. utanrrh. og ég veit líka samkv. eðli hans sjálfs, þá kemur það ekki af skorti á hreinskilni, heldur af einhverjum öðrum ástæðum, og efast ég því ekki um, að hann verði fúslega við óskum mínum og

annarra um að upplýsa nú þegar öll vafaatriði, sem strax eru komin í ljós og önnur eftir því sem efni gefst til.

Vegna umr. áðan, þá veró ég þó nú þegar að taka fram, að það er auðvitað alger misskilningur að atburðir síðustu vikna séu orsakir þess hættuástands, sem allir viðurkenna nú að séu í heiminum. Atburðirnir eru ekki orsakir hættunnar, heldur er það hættuástandið sem er orsök þessara atburða. Atburðirnir eru aðeins merki um viðvarandi og áframhaldandi hættuástand, hættuástand, sem því miður hefur staðið, það er óhætt að segja án þess að ýkja, allt frá lokum síðustu heimsstyrjaldar, þó að það hafi orðið mönnum mismunandi ljóst á mismunandi tímum, en hættuástand, sem engan veginn var úr sögunni í vor, jafnvel þó að menn þá hefðu nokkra von um þýðu í kalda stríðinu, en nú er komið á daginn, og það er breytingin, sem orðin er, að jafnvel þeir, sem af einhverjum ~~ástæðum~~ vildu vera bjartsýnir, treysta sér ekki til þess nú lengur. Þeir gera sér grein fyrir að það var ekki um raunverulega þýðu eða hugarfarsbreytingu að ræða, heldur aðeins kalt hræsnisglott, sem undirbjó sig undir nýja árás á þá sem næstur yrði fyrir ógnarhramminum.

Við Sjálfstæðismenn bentum á þessa hættu strax í vor og við allar umr., sem síðan hafa orðið um þetta mál, og Atlantshafsráðið í umsögn sinni tók einmitt skýrlega fram, að þrátt fyrir það, þótt sumt virtist betra en áður, þá væri hið raunverulega hættuástand enn fyrir hendi.

Ég veró að segja svipað eins og ég sagði við umr. um varnarmálatill. okkar sjálfstæðismanna á dögnum, að því miður reyndumst við, sem töldum að fara bæri var-

lega, því miður reyndumst við hafa rétt að mæla. Við hefðum áreiðanlega allir miklu fremur kosið að þeir bjartsýnu hefðu haft að þessu sinni rétt fyrir sér. Á þetta verður nú að benda, ekki til að hæðast um, heldur til þess að við öll, hvert um sig, hér á Alþingi, og með íslenzku þjóðinni, hugleiðum þetta mál af alvöru og lærum af reynslunni og skiljum hið rétta orsakanna samhengi.

Ég hjó í það að hæstv. utanrrh. taldi hættuna nú stafa mest frá botni Miðjarðarhafsins, en síður og þó að vísu nokkra frá þeim atburðum, sem undanfarið hafa gerzt í Ungverjalandi.

Í einu af stuðningsblöðum hæstv. ráðh. hér í Rvík, því sem stærsti stjórnaflökkurinn gefur út, sá ég nýlega, að mjög harólega var deilt á grein um þetta efni í Alþýðublaðinu, þar sem haldið var fram, gagnstætt við það sem hæstv. utanrrh. vildi nú telja, að það væri meiri hættu og aðalhattan frá atburðunum í Ungverjalandi, en síður og þó einnig nokkur frá því sem skeð hefur í Egyptalandi eða við botn Miðjarðarhafsins. Þetta stjórnafluðningsblað lét svo sterklega um mælt, að það taldi skoðanir Alþýðublaðsins vera þýðalæðisstefnu og sagði að því yrði <sup>ekki eta</sup> vart trúað að sá væri með öllum mjalla, sem þessu héldi fram, en ég get um þetta hér vegna þess að þetta stjórnafluðningsblað gat þess jafnframt að það væri hæstv. utanrrh. sjálfur, sem þetta hefði skrifað, og því verður ekki hjá því komist að spyrja hæstv. ráðh.: Er hann þá ósammála þeim skoðunum sem Alþýðublaðið hélt fram, ég hygg s. l. sunnudag, og almennt voru túlkaðar sem rökstuðningur við þá samþykkt sem skömmu áður hefði verið gerð á flokksþingi Alþýðuflokksins? Er

hann ósammála þeim skoðunum og þá núoróið sammála því að meginhættan stafi frá atburðunum við austanvert Miðjarðarhaf, og ef svo er að hann sé um þetta sammála því, sem að vísu hæstv. Þrsrh. hélt hér fram á dögnum, en vildi nú raunar eftir á skýra sem meira og minna mismæli af sinni hálfu, en alveg sérstaklega Þjóðviljinn og þess blaðs skoðanabréður, hafa haldið fram að meginhættan kæmi frá botni Miðjarðarhafs. Ef hæstv. ráðh. er þessu sammála, er hann þá einnig sammála félmrh. í þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. félmrh. gaf hér áðan, um það að hann og hans flokksbróðir í stjórninni, hefðu einungis fallið á að fresta uppsögninni í nokkra mánuði. Er þetta aðeins sérskoðun þessara tveggja ráðh., að þarna sé aðeins í þessum samningum, sé aðeins um að ræða frestun í nokkra mánuði, eða er þetta sameiginleg skoðun allrar hæstv. ríkisstj.

Þetta er mjög nauðsynlegt að menn fái vitneskju um nú þegar, því að það er rétt, sem hæstv. félmrh. heldur fram að ef hér er einungis um að ræða frestun uppsagnar í nokkra mánuði, þá ~~kæmu~~ getur ekki komið til mála, a. m. k. ekki af hálfu Íslendinga að leyft verði og naumast heldur af hálfu Bandaríkjamanna<sup>a</sup>, að þeir sækji um að ráðast í ný varnarmannvirki, hvorki á Keflavíkurflugvelli né annars staðar. Þess<sup>vegna</sup> verðum við að óska vitneskju um það frá hæstv. ríkisstj. í heild: er hún sammála hæstv. félmrh., þegar hann segir að ekki komi til greina að slík mannvirkjagerð verði leyfð, og þetta er ekki aðeins fróðleiksatriði, heldur er ljóst af fyrri reynslu að fyrir utan þá viðtakari, þau viðtakari áhrif, sem þetta hefur um varnir landsins, þá hlýtur það, hvött búast má við miklum framkvæmdum á þessum slóðum, aukinni

atvinnu og öðru slíku, að hafa mjög mikil áhrif á þær ráðstafanir, sem gera á varðandi atvinnumál og atvinnu- aukningu nú á næstunni. Þess vegna á Alþingi og almenn- ingur kröfu á því að úr þessu sé skýrt skorið og menn viti, hvað fyrir hestv. ríkisstj. raunverulega vakir um þessi efni.

Þá verð ég einnig að óska alveg skýrra svara frá hestv. utanrrh.



~~einnig að óska alveg skýrra svara frá hæstv. utanrrh.~~  
um það, sem ég raunar drap á áðan og hæstv. félmrh. hélt fram, að það væri nýjung, að Íslendingar einir ættu að hafa úrslitaráðin um það, hvort hér dveldi erlendur her eða ekki og hvenær uppsagnarfrestir hæfust. Ég sagði skýlaust, sem líka tvímælalaust er rétt, að þetta er engin nýjung. Varnarsamningurinn frá 1951, hann segir alveg ótvírætt, að Íslendingar einir hafi um þetta hvort tveggja úrslitaráðin. En til skýringar á þeim samningi, sem nú liggur fyrir, og nánar mun koma í ljós af því sem ég síðar segi, þá er alveg nauðsynlegt, að menn viti, hvaða hugmyndir ríkisstj. í heild hefur um þetta, hvort hér sé nokkur breyting á orðin eða aðeins um kurteislegt orðalag að ræða, súkkulaðiumbúðir, eins og ég sagði vel(?) áðan, til þess að óþekku krakkarnir láti ögn lítið ver, meðan þeir eru að taka meðalið.

Ákvæði 7. greinar um uppsögnina eru alveg ótvíræð. Ég vil leyfa mér, með samþykki hæstv. forseta, að lesa upp hluta greinarinnar. 7. gr. hefst svo:

"Hvor ríkisstjórnin getur, hvenær sem er, að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstj<sup>ðarinnar</sup>, farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og gerir tillögur til beggja ríkisstjórna um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík mála-leitan um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan sex mánaða frá því, að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstjórnin, hvenær sem er eftir það, sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi 12 mánuðum síðar."

Það er eins og efni þessa alveg ótvíræða og skýra ákvæðis hafi þvælst fyrir sumum þeim, sem um þetta mál hafa orðið einna fjölorðastir. Hér er alveg tvímælalaust kveðið á um það, að sex mánaða fresturinn, sem er skilyrði þess, að 12 mánaða frestur síðar geti hafist, að sex mánaða fresturinn byrjar að líða um leið og farið er fram á það við hinn sammingsaðilann, að leitað verði til Norður-Atlantshafsráðsins um þess umsögn, þannig að tíminn, sem ~~fyrir~~ fer til þess að leita umsagnar Norður-Atlantshafsráðsins, hann er innan þessa sex mánaða frests.

Fyrirverandi hæstv. utanrrh. fór af einhverjum, mér ókunnugum ástæðum, öðru vísi að um þetta. Hann byrjaði með því að leita sjálfstætt umsagnar Norður-Atlantshafsráðsins og fór fyrst á síðara stigi, en þó, hygg ég, áður en sú umsögn var fengin, fram á það við Bandaríkin, að sex mánaða fresturinn skyldi byrja að líða.

Ég skildi þetta nú, sannast sagt, þannig, að hæstv. þáv. utanrrh. vildi draga málið á langinn og sæi ekki ástæðu til þess að hraða því. Það mátti líka segja sem var, að eðlilegt væri, að ný ríkisstj. eftir kosningar tækju um þetta endanlega ákvörðun. Ég skal því ekki, og allra sízt nú eftir á, deila á hæstv. fyrirv. utanrrh. fyrir að hafa farið svona að, en ég bendi á, að ef ætlunin var sú að hafa ítrasta hraða á uppsögninni, samkv. 7. gr., þá var sú aðferð ekki höfð í sumar, og aðferðin samkv. 7. gr. er sú, sem ég hef nú lýst og bezt verður skilið lýsingarlaust með því að lesa gr. og athuga í næði, hvað í henni felst, en af öllum þessum ástæðum, yfirlýsingum hæstv. félmrh. og mjög óljósu orðalagi sammingsins í 1. og 2. tölulið, fyrri liðs sammingsins,

þá veró ég að spyrja hæstv. utanrrh. og óska ótvíræðra svara hans um það: Er 7. gr. samningsins breytt með þessum ákvæðum? Hann svarar ef til vill því, að ráðuneytið hafi þegar tekið fram í sinni fréttatilkynningu, að samningum þessum er ekki ætlað, ekki ætlað að breyta ~~meinu~~ í sambandi við uppsagnarákvæði 7. gr. varnarsamningsins <sup>frá</sup> 1951, <sup>2</sup> en ef þetta er rétt, sem í þessari tilkynningu stendur, þá er eftir sem áður, þrátt fyrir þá samningsgerð, sem hér liggur fyrir, skyldugt að leita til Atlantshafsráðsins á þessum sex mánaða tímabili. Það er skylda, að það sé gert. Það er ekki aðeins hagkvæmis- og skynsemisástæða, eins og hæstv. utanrrh. hélt fram áðan, heldur er það lagaleg og samningsleg skylda Íslendinga að fara þannig að <sup>2</sup> en ef ekki er skylt að leita til Norður-Atlantshafsráðsins á þessum tíma, þá er það ótvíræð breyting á 7. gr. Fram hjá því verður ekki komist, <sup>2</sup> og það rekst ekki aðeins á niðurlagið í fréttatilkynningu hæstv. utanrrh., heldur verður einnig að draga mjög í efa, að slíka efnisbreytingu á samningnum sé heimilt að gera, nema með lagaboði, og ef svo er, þá er þessi samningur ekki gildur, fyrr heldur en hann hefur hlotið formlegt samþykki Alþingis, samkv. skýlausu fyrirmæli bæði í fyrirsögn og 1. gr. <sup>laga</sup> 1. nr. 110 frá 1951.

Það er mjög nauðsynlegt, að úr þessu fáið skorið alveg ótvírætt, og í því sambandi dugar ekki að segja, eins og <sup>hæstv.</sup> ráðh. áðan, að það sé eðlilegt og skynsamlegt og muni sjálfsagt verða gert að leita til Norður-Atlantshafsráðsins. Spurningin er sú: Er það áfram lagskylda og samningskylda íslenzkrar ríkisstj. að leita til Norður-Atlantshafsráðsins eða ekki? Þetta er spurn-

ingin. Og ef það er ekki lengur skylda, ~~á~~ þá skil ég það að vísu, að það er gert til þess að gera ýmsum þægilegra að gleypa pilluna, þá beisku. En ég vil segja, að þá er komið í umbúðirnar efni, sem er okkur Íslendingum áreiðanlega ekki óhættulegt, okkur sjálfum. Það er áreiðanlega af öllum ástæðum miklu hollara fyrir Íslendinga að þurfa ekki að leita eingöngu og einhliða til þessarar nýju stofnunar, ~~tvíhliða-~~ tvíhliða milli Bandaríkjanna og Íslands, heldur að viðurkenna, að það sé aðlitlegra, að við fáum okkar ráðleggingar og upplýsingar um þessi efni frá öllum Norður-Atlantshafsráðinu, og ég fullyrði hikaust, að þó að umsögn Norður-Atlantshafsráðsins hafi verið véfengd af sumum í sumar, þá munu þeir vera fáir núoróið, sem jata ekki að í þeirri umsögn lýsti sér meira raunsæi, meiri þekking og betri skilningur á því, sem þá var að gerast og er að gerast í heiminum, heldur en fram kom hjá sumum valdamönnum á Íslandi, Jafnframt tek ég fram, að það er algerlega rangt, sem sumir hafa viljað telja mönnum trú um, að með þessu, að við ættum að fá umsögn Norður-Atlantshafsráðsins, að þá værum við að afsala okkur nokkrum sjálfsákvörðunarrétti. Íslendingar halda öllum sínum sjálfsákvörðunarrétti, þangað þó að til Atlantshafsráðsins sé leitað, og það tekur ekki dægi lengri tíma að losna <sup>na</sup> við varnarliðið frá Íslandi, ef Íslendingar í raun og veru vilja, þó að því sé haldið, að til Norður-Atlantshafsráðsins sé leitað, heldur en sú skipun sé tekin upp, sem hér er ráðgerð, ef hún felur það í sér, að ekki sé lengur skylda að leita til ráðsins.

Frá sjónarmiði sjálfrar Íslenzku þjóðarinnar er

áreiðanlega vinningur af því að eiga við Atlantshafs-  
ráðið í heild og fá þess umsögn, en ekki Bandaríkin  
ein, þó að þau séu góð þjóð, þá eru þau eins og aðrar  
þjóðir, þjóð sem hugsar fyrst og fremst um sjálfa  
sig og sinn eigin hag. Það er lofsvert, eins og ég sagði,  
að þau hafa samið við okkur sem jafningja, en við þurf-  
um að geta okkar hagsmuna gagnvart þeim eins og öðrum,  
en einmitt í Atlantshafsráðinu, þá eru smáveldi, sem um  
margt hafa svipaða aðstöðu gagnvart Bandaríkjunum eins  
og við, samv smáveldi sem standa okkur næst að frænd-  
semi og menningu, svo sem Noregur og Danmörk, jafnvel  
land eins og Luxemburg, sem er lítið eitt stærra en við  
getur í mörgum tilfellum orðið okkur þar hjálplegt og  
túlkandi málstaðar okkar. Það er þess vegna ekki, það er  
ekki vinningur fyrir Ísland að fjarlægjast Norður- At-  
lantshafsráðið, þó að það sé gert á ekki meir áberandi  
hátt heldur en hér er gert, ef sá skilningur er réttur,  
sem ég nú er að tala um, heldur hlýtur það eingöngu að  
vera gert í því skyni, að það sé auðveldara að gera samn-  
ingin<sup>n</sup>, tortryggilegan, auðveldara að halda áfram innan  
fárra mánaða, eins og hæstv. félmrh. sagði, í þeirri  
uppsögn, sem hann óskar eftir.

Nú skal ég fúslega játa, að litlu verður Vöggur  
fang feginn, og ég sá á hæstv. félmrh., að hann þóttist  
nú allrogginn, þegar ég var að segja, að þetta mundi vera  
fyrir hann gert. Ég skal játa, að svo mikið, sem  
hann verður hefur orðið á sig að taka í þessu máli, þá  
er að vissu leyti ekki nema vona, að utanrrh. varpi  
í hann þessu litla mörsiðra, vegna þess að meira er það  
nú ekki. Þetta sker sem <sup>sa</sup> ségt engan veginnúr um málið. Það  
gerir það ekki. Þetta er til ills, ef þetta á að skilja

72  
6

á þann veg . Það er til ills/eins og öll undanlátssemi við kommúnista, hvar sem er, en þá kem ég að öðru, sem ég veit ekki heldur, hvernig á að skilja, og veit ekki hvort er undanlátssemi við kommúnista eða eitthvað annað. Það stendur hér í upphafi annars hluta samningsins, með leyfi hæstv. forseta:

"Komið verði á fót fastanefnd í varnarmálum Íslands, er skipuð sé ekki fleirum en þremur ábyrgum fulltrúum frá hvorri ríkisstjórn um sig."

Nú spyr ég hæstv. utanrrh.: Hvað felst í þessu orði: ábyrgur fulltrúi?

Það sagði mér nú einhver, að þetta væri dálítið vafasöm þýðing og þetta hétu á enskunn: high level representatives.- Það merkir fulltrúi í góðri stöðu, og þá var það skýrt sem sagt: alþýðuflokksmaður.

Nú veit ég ekki, hvernig þetta á að skilja, en vildi óska nánari skýringar á því, og hún gæti t. d. fengist í því, að okkur væri svarað, hver á að skipa þessa nefnd. Það stendur sem sagt hér, að það sé ríkisstj. Og ef það er ríkisstj. öll, eins og stundum er skilið með slíkum, þá væri það mjög eðlilegt, að það væri einn frá hverjum stjórnarflokki, og hvað er þáæ orðið eftir af merkingunni í orðinu: ábyrgur?

Þá veró ég einnig að spyrja hæstv. utanrrh. að því, við hvað sé átt með 2. tölulið 2. hluta samningsins. Þar stendur: "Að undirbúa, að svo miklu leyti sem hernaðarlegur viðbúnaður leyfir, að Íslendingar taki í ríkari mæli en áður að sér störf, er varða varnir landsins, á meðan vöð er á hæfum mönnum til slíkra starfa svo og að tryggja, að menn séu æfir í þessu skyni." Það sem sagt, Íslendingar eiga þarna að taka að sér störf,

er varða varnir landsins. Það er ekki tekið fram, eins og var í ~~utanríkis~~ályktuninni frá 28. marz: Þó ekki hernaðarstörf.

Það er alls ekki tekið fram þarna, sú takmörkun. Er þá hægt að skilja þetta á annan veg heldur en þann, að ætlunin sé sú, að nú eigi að fara að æfa Íslendinga til heimaðarstarfa og láta þá síðan<sup>n</sup> taka við þeim, þ. e. a. s. að Íslendingar eigi sjálfir að taka að sér varnirnar. Það er því ríkari ástæða til þess að spyrja um þetta, þar sem stuðningsblað hæstv. ráðh., Þjóðviljinn, gat þess fyrir fáum dögum, að hann væri núroðið sammála mér um það, að við ættum að koma upp íslenskum her. Hann bara gleymdi að telja þriðja stórmennið með okkur, sjálfan hæstv. forsrh., af því að enginn hefur nú skýrar heldur en hann tekið það fram, að frambúðarlausn þessara mála, væri sú, að Íslendingar sjálfir kæmu sér upp sínu eigin varnarliði.

Nú er ekki hægt að ræða það hér í kvöld til hlýtar, hvort það sé skynsamlegt, að Íslendingar komi upp sínu eigin varnarliði. Ég segi það hiklaust, sem mína skoðun, að án þess að Íslendingar hafi hug og dug til þess að koma sér upp svipuðu liði eins og heimavarnarlið er t. d. í Noregi, jafnvel í Færeyjum á stundum, þá verði þetta mál ætíð óleysanlegt.

Það hefur verið ráðist á mig fyrir það, að ég hafi sagt, að ef varnarliðið ætti að fara burt, þá yrði að styrkja íslenskt ríkisvald. Ja, hvað er sannara heldur en þetta? Er það ekki einmitt vegna þess, að íslenskt ríkisvald er of veikt, sem við verðum að hafa varnarliðið? Ef íslenskt ríkisvald væri styrkt með einhverju svipuðu eins og heimavarnarliði, einhverju svipuðu eins

~~SB~~ og maður helzt verður að telja að felist í því, sem hér segir, sem ég var að lesa <sup>upps</sup> úr greininni og ég sízt átel, <sup>e</sup> Ef eitthvað slíkt væri gert, þá yrði allt þetta mál miklu auðveldara viðureignar heldur en ella, því að þeir tímar koma seint, jafnvel þeir friðartímar, enda er það játað af hæstv. utanrrh., að hæxgt sé að láta Ísland með öllu vera óvarið.

Hann vitnaði hér áðan í það, að við og ég hefðum lýst því yfir 1949, að á friðartímum þá vildum við Íslendingar frekar taka á okkur áhættuna af því að hafa landið óvarið heldur en að hafa hér erlent herlið og erlendar herstöðvar. Þetta endurtek ég enn í dag; þetta er óhagganleg sannfæring mín. Á friðartímum þá er það vissulega betra að eiga áhættuna yfir sér heldur en að atla að setta sig við það, að hér verði um alla framtíð erlent herlið og erlend herstöð. En hæstv. utanrrh. og skoðanabræður hans í þessu máli, svo að ég sleppi nú fylgdarfarþeganum í því sambandi, þeir tala um það, að þeir haldi fast í stefnuna frá 1949, sem við sjálfstæðismenn höfðum yfirgefið, vegna þess að við vildum ekki samþykkja tillöguna í vor.

Nú er það út af fyrir sig svo, að komið hefur í ljós, að tímarnir frá <sup>því</sup> 28. marz hafa síður en svo verið nokkrir friðartímar. Á þeim fáu mánuðum, sem síðan eru liðnir, hefur sjaldan verið meiri og víðar hætta á stórstyrjöld um langt árabíl. En látum það eiga sig. Það, sem þessir menn, sem alltaf eru að vitna í stefnuna frá 1949, tala um nú, er einungis, að þeir vilja ekki hafa erlent herlið



hér á landi, en þeir vilja hafa erlenda herstöð hér á landi, jafnvel mannaða að miklu leyti, ef til vill mestu, af útlendingum, aðeins ef þeir eru ekki í erlendum einkennisbúningi.

Ég segi aftur á móti, að ég ef eiginleg herstöð, varnarstöð, á að vera hér, þá færi hún aldrei meiri hættu, eða þá réttara sagt í staðinn fyrir að vera landinu til öryggis og varnar, þá færir hún stórkostlega hættu yfir landið, ef hún á að vera varnarliðin~~us-~~laus. Þá er það það sama eins og að láta skambyssu liggja á borðinu, þar sem vitað er, að morðingjar séu í næsta nágrekni til þess að þeir geti gripið skambyssuna og eigi með fullri vissu í fullu tré við húsbóndann, sem þeir ætla að ráðast á.

Það má deila um það, hvort skynsamlegt hafi verið að koma upp þessum miklu varnarstöðvum hér á landi, en við skulum þá líka viðurkenna, að þær voru að miklu leyti settar án okkar óska, getum við a.m.k. sagt frá allt frá árinu 1940, þegar byrjað var að byggja flugvöllinn hér í Reykjavík, og með öllum þeim mannvirkjum, sem síðan hafa verið gerð, en eftir að þessi mannvirki eru komin og eru þess eðlis, sem þau eru, þá komumst við Íslendingar aldrei hjá því, að eitt-hvert varnarlið verður að vera á stöðvunum, til þess að tryggja, að þau verði ekki eins og vopn, annað hvort í óvita-<sup>eða</sup> og morðingjahöndum, og einmitt þess vegna fagna ég því, ef hæstv. ríkisstj. er nú að stefna <sup>að</sup> því að koma á sams konar liði eins og ég og hæstv. forsrh. höfum áður fyrri vakið athygli á, að Íslandi væri brýn nauðsyn á. ~~Þetta~~ mér kemur þetta

auðvitað síður en svo á óvart um svo stefnufastan  
mann eins og hæstv. forsrh., sem vitanlega heldur  
því sama fram, þegar hann er í ríkisstj. eins og  
utan. Þjóðviljinn hefur nú skýrt frá því, að hann  
hafi, ásamt utanrrh., tekið þátt í þessum samningum.  
Ég geri ráð fyrir því, að það hafi nú ekki aðallega  
verið þáttur forsrh. að ómerkja ályktunina frá 28.  
marz og viðurkenna berum orðum, að þörf sé á varnar-  
liði hér á Íslandi. Ég geri ráð fyrir, að fyrir þá  
hreinskilnislegu játningu eigum við frekar hæstv.  
utanrrh. að þakka, en þá sjáum við líka, að hæstv.  
forsrh. hefur ekki verið þarna alveg iðjulaus, ef  
hann hefur komið því inn, að nú eigi í alvöru að  
fara að efna til íslenzks varnarliðs, eins og hann  
áður fyrri, þá í ríkisstj. einnig að vísu, stakk  
upp á, þó að hann væri þá með íhaldinu.

Það er t.d. margsannað, að ástæðurnar, sem voru færðar fyrir því, að lagt var út í verkfallið mikla vorið 1955, allar þær ástæður eru falsástæður. Í það verkfall var ekki lagt af fjármálalegum ástæðum, heldur af pólitískum ástæðum. Það var verið með því að sýna íslenska þjóðfélaginu, að ekki væri hægt að stjórna landinu, nema með samþykki Alþýðusambandsins.

Það getur vel verið, að sumir trúi á, að þetta sé gott; að það sé alveg ljóst, að ekki sé hægt að stjórna landinu án Alþýðusambandsins. En gera menn sér grein fyrir, hvað í því felst í raun og veru? Gera menn sér grein fyrir, hvað í því felst; þeim fagnaðarboðskap, sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. leyfa sér að bera hér fram, þegar þeir eru farnir að segja, það sé ánægjuefni, að það þurfi að leita út fyrir veggja Alþingis Íslendinga til þess að ráða til lykta mikilsverðustu málefnum þjóðarinnar? Gera þeir sér ljóst, að með því eru þeir í raun og veru að segja, að lög og réttur eigi að hætta að gilda á Íslandi?

Ég geri ekki lítið úr þýðingu stéttasamtakanna. Þau eru vissulega mikilsverður þáttur í íslensku  
/lífi  
nú tímaþjóðfélagi eins og þau eru í öllu þjóðlífi nútímans,  
en hverjum verður ætlað sitt hlutverk, og ef við viljum halda lögbundnu, frjálsum stjórnskipulagi á Íslandi, þá verður það að vera ljóst, að úrslitayfirráðin á Íslandi séu hjá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi Íslendinga, hjá löglega kjörnum forseta Íslands og hvergi annars staðar, nema auðvitað að lokum og fyrst og

fremst hjá þeim, sem uppspretta valdsins er, hjá kjósendunum. Það eru íslenskir kjósendur, sem með því að kjósa Alþingi á lögformlegan hátt og kjósa forseta Íslands á lögformlegan hátt, sem eiga að ráða því, hvernig málefnum þjóðarinnar er ráðið til lykta, og það er uppgjöf, það er svik við íslenskt sjálfstæði, við íslenskt frelsi, við lýðræðið ætíð á Íslandi, ef það er viðurkennt, og ef það er farið að hæla sér af því, að úrslitavöldin séu komin frá Alþingi Íslendinga og til einhverra, hvaða stofnana sem er utan þessara veggja, sem við erum nú staddir innan.

Og það eru til fleiri stofnanir og fleiri félagsamtök ~~hér~~ hér á landi, sem gætu, ef þau vildu, sýnt framan í hnefann og sýnt, að ekki væri hægt að stjórna þessu landi, nema með þeirra samþykki, heldur en Alþýðusamband Íslands, ef menn vilja innleiða þá stjórnarhætti, sem guð gefi, að ekki verði. En þeir menn bera þunga ábyrgð, sem bera ábyrgð á því og hæla sér nú af því og segjast hafa það eitt nýtt til að leggja, að komið er ískyggilega langt út á þessa braut.

Með því, sem nú hefur verið gert, er staðfest, eins og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði hér fyrir í kvöld, að Framsóknarflokkurinn hefur til þess að öðlast meiri völd heldur en hann gat vonast eftir í samvinnu við okkur sjálfstæðismenn gert samning við kommúnista. Í þessu sambandi hefur fylgiféð í alþýðuflokknum sannast að sagt enga þýðingu, hvorki til né frá. Framsóknarflokkurinn hefur gert samning við kommúnista um það að bjarga þeim úr einangrun, úr eynd fordæming

fólksins inn í stjórnarráðið til þess að halda þar höfuðstöðvum kommúnismans á Íslandi á sömu stundu, á sömu vikum eins og þessir menn verða fyrir réttmætri og réttlátri fordæmingu í öllum lýðræðisþingum hins frjálsa heims. Þá er þessum mönnum leyft að slá upp sínum tjaldbúðum innan þessara gömlu, fornhelgu múra og í stjórnarráðinu til þess þannig að sleppa úr einangruninni; til þess þannig að geta haldið áfram að vera hið sundurgrafandi og niðurbrotandi afl í íslensku þjóðlífi. Það er það verð, sem borgað er fyrir það samkomulag, sem nú hefur komið á. Og þeir vita ósköp vel, kommúnistarnir, að það er þetta verð, sem borgað er, vegna þess að þeir tilkynna um leið og þeir fallast á ráðstafanir, þá segja þeir, samanber orð Eðvarðs Sigurðssonar, sem þjóðviljinn hermdi á þriðjudaginn var: "Verkalýðurinn er út af fyrir sig mjög óánægður með þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera, en við viljum ekki steypa núverandi ríkisstjórn; það er það, sem um er samið í raun og veru, og kommúnistarnir þeir segja: "Til þess að fá að vera í ríkisstjórninni enn um sinn, erum við reiðubúnir /til þess að leggja á almenning þær 240 millj. kr.; þá vísitöluskerðingu um 6 stig, sem á að haldast", og þeir mundu vera til með í dag að fallast á hvaða álögur sem er, bara, ef þeir héldu þeim möguleika að hafa skjól í stjórnarráðinu og á Alþingi meðan hettan yfir þá gengur. En þeir taka jafnframt fram: "Ef okkur líkar ekki, þá eru dyrnar opnar til þess að byrja sama leikinn og áður". Ef þeim líkar ekki þjónslund hæstv. fjmrh., ef hann lætur einhvern tíma verða úr hótunum, sem hann hefur verið með bak við tjöldin undanfarna daga og sagt, að

með þessum mönnum væri ekki vinnandi, af því að engu þeirra orði væri trúandi, ef hann léti verða úr því, þá segja þeir: "Ja, þá eru dyrnar opnar fyrir áframhaldandi verkföllum". En munurinn er sá, sem þeir hafa gleymt, og fyrir það ber að þakka núverandi hæstv. ríkisstj., að þeir hafa þó sjálfir játað með öllum sínum málflutningi, að þegar þeir halda því fram, að vísitöluskrúfan, að eilífar kauphækkningar séu verkalyðnum til góðs, þá eru þeir að tala á móti betri vitund, þá eru þeir að egna til pólitískra verkfalla, þá eru þeir að efla sína eigin valdaástöðu á móti hagsmunum almennings. Það er þetta, sem játning hefur fengið fyrir, og þess vegna verð ég að segja, að þrátt fyrir allt, þá hefur það verið nauðsynlegt og til góðs fyrir Íslenskku þjóðina að fá yfir sig það ófremdarástand, sem nú ríkir, vegna þess að vávél vill, að menn læri af biturri reynslu og svikararnir, eins og þessi glottandi náhrafn, sem situr hér fyrir framan mig, þeir verða miklu frekar afhjúpaðir eftir alla sína frammi-stöðu. Fólkið á miklu hægara með að átta sig á, að þeir eru að tala um annarleg málefni, og þeir eru að tala um sín eigin völd, um baráttu fyrir því að kollsteypa þjóðfélaginu, þegar þeir þykjast vera að berjast fyrir hagsmunum fólksins, það er þessi lærdómur, sem fengið hefur og ómetanlegur er.

Skýrsla utanríkisráðherra um samningaviðræður um endurskoðun varnarsamnings.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er skiljanlegt að á svo skömmum tíma, sem við höfum haft til ath. þeirra samninga, sem hér eru til umr., þá er ekki hægt að átta sig á þeim til hlítar. Það er eðlilegt. Gerð þeirra tók sem sagt frá 20-24. nóv. og síðan er komið í ljós, að annar aðilinn hefur þurft 12 daga, að því er mér skilst, til þess að átta sig á þeim af sinni hálfu, og er því ekki nema von, að ekki sé til hlítar hægt að sjá, hvað hér er um að ræða, á einum tveimur klukkustundum eins og við höfum hér fengið til umræða, eða tveim, þremur klukkustundum. Ég vil þó, að undangenginni þessari litlu athugun, endurtaka þakklæti mitt til hæstv. utanrrh. fyrir það að hafa náð þeim megintilgangi, sem við sjálfstæðismenn stefndum að með tillögum okkar fyrir nokkrum vikum í þá átt að tryggja varnir landsins. Í þessu samkomulagi, sem nú liggur fyrir, er skýrt tekið fram, með leyfi hæstv. forseta: Viðræðurnar hafa leitt til samkomulags um, að vegna ástands þess, er skapast hefur í alþjóðamálum undanfarið og áframhaldandi hættu, sem steðjar að öryggi Íslands og Norður-Atlantshafs-ríkjanna, sé þörf varnarliós á Íslandi samkv. ákvæðum varnarsamningsins.

Sp. h. for. 10. des.

~~Jónni~~

1<sup>6</sup>

Sb. 6. des.  
15. f. D.

Þetta orðalag, eitt út af fyrir sig, er ómögulegt að skilja á annan veg heldur en þann að viðurkennt sé af hæstv. ríkisstj. að úr gildi sé fallinn ályktun Alþingis frá 28. marz 1956, enda er ljóst að forsendur hennar og það sem átti að ná með henni, er ómerkt með þeim orðum, sem ég áðan las, en síðari hluti þál. frá 28. marz hljóðar svo. Með hliðsjón af breyttum viðhorfum síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður og með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur hér á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja, þó ekki hernaðarstörf og að herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breyt. verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkv. 7. gr. samningsins.

Nú er viðurkennt að þörf sé varnarliðs á Íslandi samkv. ákvæðum varnarsamningsins og þar með er þá orðið ljóst að sú fyrirætlan að láta varnarliðið hverfa á brott og hvað þá að segja, fylgja því eftir með uppsögn samningsins, er niður fallið.

Þetta er mjög mikilsverð staðreynd og ég játa, að þó að ég sé núv. stjórn andstæður, þá játa ég að ég tel að hæstv. utanrrh. eigi þakkir alþjóðar fyrir það að hafa fengið þessu framgengt. Hitt er svo annað mál, að þó að meginatriðið hafi náðst og það sé mest um vert, þá er engu að síður nauðsynlegt að athuga önnur atriði í þessu sambandi, bæði gera sjálfum sér og öðrum ljóst um hvað er verið að semja og íhuga, hvort öll atriði þess samnings sem gerður hefur verið, er Íslendingum



til hags eða ekki. Utanrrh. sagði að umr. við Bandaríkjamenn hefðu farið fram í vinsemi og af hreinskilni. Þessu trúi ég mjög vel. Min reynsla af skiptum við Bandaríkjamenn þann tíma, sem ég fór með utanríkismál Íslands eru mjög í samræmi við þetta. Það var einmitt vegna þess að Bandaríkin, þessi völdugu ríki, hafa ætíð samið við okkur Íslendinga sem eru veikastir af öllum ríkjum, að þau hafa engu að síður samið við okkur sam jafningja. Það er sú staðreynd, sem hefur gert það að verkum, að ég hefi talið fært að hafa við þau jafn náð samstarf og orðið hefur og sannarlega hefur leitt til góðs fyrir Íslendinga, eins og ég trúi að það hafi orðið til gagns og styrktar fyrir heimsfriðinn. Og ég tek því vissulega undir öll. lofsyrði hestv. utanrrh. um Bandaríkin, og játa það með honum, að það er eðlilegt að við minnumst sambúðar þeirra við okkur, einmitt á þeim tímum þegar okkur er <sup>ú</sup>rík í huga hin ómurlegu örlög Ungverjalands og þökkum guði fyrir að eiga ekki slíkan nágranna, sem sú he <sup>u</sup>þjóð hefur orðið svo ógæfusöm að yfir hennar land hefur komið, <sup>zt</sup> en hreinskilnin, hún gagnar okkur best, ekki aðeins í skiptum okkar við Bandaríkin, heldur við allar þjóðir og einnig í innbyrðis skiptum okkar Íslendinga, og þá verð ég að játa að svo mikils sem ég met og viðurkenni þann meginárangur, sem hestv. <sup>utanrrh.</sup> ~~ráðh.~~ frá sjónarmiði Íslendinga, hefur náð með samningsgerð sinni, þá verður ~~það~~ aðsegjast eins og er, að samningarnir eru ekki að ölluleyti nógu ljósir.

Samkv. orðum hestv. utanrrh. og ég veit líka samkv. eðli hans sjálfs, þá kemur það ekki af skorti á hreinskilni, heldur af einhverjum öðrum ástæðum, og efast ég því ekki um, að hann verði fúslega við óskum mínum og

annarra um að upplýsa nú þegar öll vafaatriði, sem strax eru komin í ljós og önnur eftir því sem efni gefst til.

Vegna umr. áðan, þá verð ég þó nú þegar að taka fram, að það er auðvitað alger misskilningur að atburðir síðustu vikna séu orsakir þess hættuástands, sem allir viðurkenna nú að séu í heiminum. Atburðirnir eru ekki orsakir hættunnar, heldur er það hættuástandið sem er orsök þessara atburða. Atburðirnir eru aðeins merki um viðvarandi og áframhaldandi hættuástand, hættuástand, sem því miður hefur staðið, það er óhætt að segja án þess að ýkja, allt frá lokum síðustu heimsstyrjaldar, þó að það hafi orðið mönnum mismunandi ljóst á mismunandi tímum, en hættuástand, sem engan veginn var úr sögunni í vor, jafnvel þó að menn þá hefðu nokkra von um þýðu í kalda stríðinu, en nú er komið á daginn, og það er breytingin, sem orðin er, að jafnvel þeir, sem af einhverjum ~~ástæðum~~ vildu vera bjartsýnir, treysta sér ekki til þess nú lengur. Þeir gera sér grein fyrir að það var ekki um raunverulega þýðu eða hugarfarsbreytingu að ræða, heldur aðeins kalt hræsnisglott, sem undirbjó sig undir nýja árás á þá sem næstur yrði fyrir ógnarhramminum.

Við sjálfstæðismenn bentum á þessa hættu strax í vor og við allar umr., sem síðan hafa orðið um þetta mál, og Atlantshafsráðið í umsögn sinni tók einmitt skýrlega fram, að þrátt fyrir það, þótt sumt virtist betra en áður, þá væri hið raunverulega hættuástand enn fyrir hendi.

Ég verð að segja svipað eins og ég sagði við umr. um varnarmálatill. okkar sjálfstæðismanna á dögunum, að því miður reyndumst við, sem töldum að fara bæri var-

lega, því miður reyndumst við hafa rétt að mæla. Við hefðum áreiðanlega allir miklu fremur kosið að þeir bjartsýnu hefðu haft að þessu sinni rétt fyrir sér. Á þetta verður nú að benda, ekki til að hæðast um, heldur til þess að við öll, hvert um sig, hér á Alþingi, og með íslenzku þjóðinni, hugleiðum þetta mál af alvöru og lærum af reynslunni og skiljum hið rétta orsakanna samhengi.

Ég hjó í það að hæstv. utanrrh. taldi hættuna nú stafa mest frá botni Miðjarðarhafsins, en síður og þó að vísu nokkra frá þeim atburðum, sem undanfarið hafa gerzt í Ungverjalandi.

Í einu af stuðningsblöðum hæstv. ráðh. hér í Rvík, því sem stærsti stjórnaflökkurinn gefur út, sá ég nýlega, að mjög harðlega var deilt á grein um þetta efni í Alþýðublaðinu, þar sem haldið var fram, gagnstætt við það sem hæstv. utanrrh. vildi nú telja, að það væri meiri hættu og aðalhættan frá atburðunum í Ungverjalandi, en síður og þó einnig nokkur frá því sem skeð hefur í Egyptalandi eða við botn Miðjarðarhafsins. Þetta stjórnafluðningsblað lét svo sterklega um mælt, að það taldi skoðanir Alþýðublaðsins vera þýðalæðisstefnu og sagði að því yrði <sup>ekki etu</sup> vart trúað að sá væri með öllum mjalla, sem þessu héldi fram, en ég get um þetta hér vegna þess að þetta stjórnafluðningsblað gat þess jafnframt að það væri hæstv. utanrrh. sjálfur, sem þetta hefði skrifað, og því verður ekki hjá því komist að spyrja hæstv. ráðh.: Er hann þá ósammála þeim skoðunum sem Alþýðublaðið hélt fram, ég hygg s. l. sunnudag, og almennt voru túlkaðar sem rökstuðningur við þá samþykkt sem skömmu áður hefði verið gerð á flokksþingi Alþýðuflokksins? Er

hann ósammála þeim skoðunum og þá núorðið sammála því að meginhættan stafi frá atburðunum við austanvert Miðjarðarhaf, og ef svo er að hann sé um þetta sammála því, sem að vísu hæstv. þrsrh. hélt hér fram á dögnum, en vildi nú raunar eftir á skýra sem meira og minna mismæli af sinni hálfu, en alveg sérstaklega Þjóðviljinn og þess blaðs skoðanabréður, hafa haldið fram að meginhættan kæmi frá botni Miðjarðarhafs. Ef hæstv. ráðh. er þessu sammála, er hann þá einnig sammála félmrh. í þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. félmrh. gaf hér áðan, um það að hann og hans flokksbróðir í stjórninni, hefðu einungis fallið á að fresta uppsögninni í nokkra mánuði. Er þetta aðeins sérskoðun þessara tveggja ráðh., að þarna sé aðeins í þessum samningum, sé aðeins um að ræða frestun í nokkra mánuði, eða er þetta sameiginleg skoðun allrar hæstv. ríkisstj.

Þetta er mjög nauðsynlegt að menn fái vitneskju um nú þegar, því að það er rétt, sem hæstv. félmrh. heldur fram að ef hér er einungis um að ræða frestun uppsagnar í nokkra mánuði, þá kemur getur ekki komið til mála, a. m. k. ekki af hálfu Íslendinga að leyft verði og naumast heldur af hálfu Bandaríkjamanna<sup>a</sup>, að þeir sækir um að ráðast í ný varnarmannvirki, hvorki á Keflavíkurflugvelli né annars staðar. Þess<sup>vegna</sup> verðum við að óska vitneskju um það frá hæstv. ríkisstj. í heild: er hún sammála hæstv. félmrh., þegar hann segir að ekki komi til greina að slík mannvirkjagerð verði leyfð, og þetta em ekki aðeins fróðleiksatriði, heldur er ljóst af fyrri reynslu að fyrir utan þá viðtækari, þau viðtækari áhrif, sem þetta hefur um varnir landsins, þá hlýtur það, hvort búast má við miklum framkvæmdum á þessum slóðum, aukinni

atvinnu og öðru slíku, að hafa mjög mikil áhrif á þær ráðstafanir, sem gera á varðandi atvinnumál og atvinnu- aukningu nú á næstunni. Þess vegna á Alþingi og almenn- ingur kröfu á því að úr þessu sé skýrt skorið og menn viti, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. raunverulega vakir um þessi efni.

Þá verð ég einnig að óska alveg skýrra svara frá hæstv. utanrrh.

~~einnig að óska alveg skýrra svara frá hæstv. utanrrh.~~  
um það, sem ég raunar drap á áðan og hæstv. félmrh. hélt fram, að það væri nýjung, að Íslendingar einir ættu að hafa úrslitaráðin um það, hvort hér dveldi erlendur her eða ekki og hvenær uppsagnarfrestir hæfust. Ég sagði skýlaust, sem líka tvímælalaust er rétt, að þetta er engin nýjung. Varnarsamningurinn frá 1951, hann segir alveg ótvírætt, að Íslendingar einir hafi um þetta hvort tveggja úrslitaráðin. En til skýringar á þeim samningi, sem nú liggur fyrir, og nánar mun koma í ljós af því sem ég síðar segi, þá er alveg nauðsynlegt, að menn viti, hvaða hugmyndir ríkisstj. í heild hefur um þetta, hvort hér sé nokkur breyting á orðin eða aðeins um kurteislegt orðalag að ræða, súkkulaðiumbúðir, eins og ég sagði áðan, til þess að óþekku krakkarnir láti ögn lítið ver, meðan þeir eru að taka meðalið. vel(?)

Ákvæði 7. greinar um uppsögnina eru alveg ótvíræð. Ég vil leyfa mér, með samþykki hæstv. forseta, að lesa upp hluta greinarinnar. 7. gr. hefst svo:

"Hvor ríkisstjórnin getur, hvenær sem er, að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstj., farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og gerir tillögur til beggja ríkisstjórna um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan sex mánaða frá því, að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstjórnin, hvenær sem er eftir það, sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi 12 mánuðum síðar."

Það er eins og efni þessa alveg ótvíræða og skýra ákvæðis hafi þvælst fyrir sumum þeim, sem um þetta mál hafa orðið einna fjölorðastir. Hér er alveg tvímælalaust kveðið á um það, að sex mánaða fresturinn, sem er skilyrði þess, að 12 mánaða frestur síðar geti hafist, að sex mánaða fresturinn byrjar að líða um leið og farið er fram á það við hinn sanningsaðilann, að leitað verði til Norður-Atlantshafsráðsins um þess umsögn, þannig að tíminn, sem ~~fyrir~~ fer til þess að leita umsagnar Norður-Atlantshafsráðsins, hann er innan þessa sex mánaða frests.

Fyrirverandi hæstv. utanrrh. fór af einhverjum, mér ókunnugum ástæðum, öðru vísi að um þetta. Hann byrjaði með því að leita sjálfstætt umsagnar Norður-Atlantshafsráðsins og fór fyrst á síðara stigi, en þó, hygg ég, áður en sú umsögn var fengin, fram á það við Bandaríkin, að sex mánaða fresturinn skyldi byrja að líða.

Ég skildi þetta nú, sannast sagt, þannig, að hæstv. þáv. utanrrh. vildi draga málið á langinn og sæi ekki ástæðu til þess að hraða því. Það mátti líka segja sem var, að eðlilegt væri, að ný ríkisstj. eftir kosningar tækj<sup>i</sup> um þetta endanlega ákvörðun. Ég skal því ekki, og allra sízt nú eftir á, deila á hæstv. fyrirv. utanrrh. fyrir að hafa farið svona að, <sup>2</sup>en ég bendi á, að ef ætlunin var sú að hafa ítrasta hraða á uppsögninni, samkv. 7. gr., þá var sú aðferð ekki höfð í sumar, og aðferðin samkv. 7. gr. er sú, sem ég hef nú lýst og bezt verður skilið lýsingarlaust með því að lesa gr. og athuga í næði, hvað í henni felst, <sup>2</sup>en af öllum þessum ástæðum, yfirlýsingum hæstv. félmrh. og mjög óljósu orðalagi sanningsins í 1. og 2. tölulið, fyrri liðs sanningsins,

Þá veró ég að spyrja hæstv. utanrrh. og óska ótvíræðra svara hans um það: Er 7. gr. samningsins breytt með þessum ákvæðum? Hann svarar ef til vill því, að ráðuneytið hafi þegar tekið fram í sinni fréttatilkynningu, að samningum þessum er ekki ætlað, ekki ætlað að breyta ~~meinu~~ í sambandi við uppsagnarákvæði 7. gr. varnarsamningsins <sup>frá</sup> 1951, <sup>2</sup> en ef þetta er rétt, sem í þessari tilkynningu stendur, þá er eftir sem áður, þrátt fyrir þá samningsgerð, sem hér liggur fyrir, skyldugt að leita til Atlantshafsráðsins á þessum sex mánaða tímabili. Það er skylda, að það sé gert. Það er ekki aðeins hagkvæmis- og skynsemisástæða, eins og hæstv. utanrrh. hélt fram áðan, heldur er það lagaleg og samningsleg skylda Íslendinga að fara þannig að. En ef ekki er skylt að leita til Norður-Atlantshafsráðsins á þessum tíma, þá er það ótvíræð breyting á 7. gr. Fram hjá því verður ekki komist, og það rekst ekki aðeins á niðurlagið í fréttatilkynningu hæstv. utanrrh., heldur verður einnig að draga mjög í efa, að slíka efnisbreytingu á samningnum sé heimilt að gera, nema með lagaboði, og ef svo er, þá er þessi samningur ekki gildur, fyrr heldur en hann hefur hlotið formlegt samþykki Alþingis, samkv. skýlausu fyrirmæli bæði í fyrirsögn og 1. gr. <sup>laga</sup> 1. nr. 110 frá 1951.

Það er mjög nauðsynlegt, að úr þessu fái st skor-  
ið alveg ótvírætt, og í því sambandi dugar ekki að  
segja, eins og <sup>hæstv.</sup> ráðh. áðan, að það sé eðlilegt og skyn-  
samlegt og muni sjálfsagt verða gert að leita til Norður-  
Atlantshafsráðsins. Spurningin er sú: Er það áfram laga-  
skylda og samningsskylda íslenzkrar ríkisstj. að leita  
til Norður-Atlantshafsráðsins eða ekki? Þetta er spurn-



ingin. Og ef það er ekki lengur skylda, ~~á~~ þá skil ég það að vísu, að það er gert til þess að gera ýmsum þægilegra að gleypa pilluna, þá beisku, <sup>2</sup> en ég vil segja, að þá er komið í umbúðirnar efni, sem er okkur Íslendingum áreiðanlega ekki óhættulegt, okkur sjálfum. Það er áreiðanlega af öllum ástæðum miklu hollara fyrir Íslendinga að þurfa ekki að leita eingöngu og einhliða til þessarar nýju stofnunar, ~~tvíhliða-~~ tvíhliða milli Bandaríkjanna og Íslands, heldur að viðurkenna, að það sé aðlitlegra, að við fáum okkar ráðleggingar og upplýsingar um þessi efni frá öllum Norður-Atlantshafsráðinu, og ég fullyrði hikaust, að þó að umsögn Norður-Atlantshafsráðsins hafi verið véfengd af sumum í sumar, þá munu þeir vera fáir núorðið, sem jata ekki að í þeirri umsögn lýsti sér meira raunsæi, meiri þekking og betri skilningur á því, sem þá var að gerast og er að gerast í heiminum, heldur en fram kom hjá sumum valdamönnum á Íslandi, <sup>Jafnframt</sup> tek ég fram, að það er algerlega rangt, sem sumir hafa viljað telja mönnum trú um, að með þessu, að við ættum að fá umsögn Norður-Atlantshafsráðsins, að þá værum við að afsala okkur nokkrum sjálfsákvörðunarrétti. Íslendingar halda öllum sínum sjálfsákvörðunarrétti, þangað þó að til Atlantshafsráðsins sé leitað, og það tekur ekki dægi lengri tíma að losna <sup>na</sup> við varnarliðið frá Íslandi, ef Íslendingar í raun og veru vilja, þó að því sé haldið, að til Norður-Atlantshafsráðsins sé leitað, heldur en sú skipun sé tekin upp, sem hér er ráðgerð, ef hún felur það í sér, að ekki sé lengur skylda að leita til ráðsins.

Frá sjónarmiði sjálfrar íslensku þjóðarinnar er

áreiðanlega vinningur af því að eiga við Atlantshafs-  
ráðið í heild og fá þess umsögn, en ekki Bandaríkin  
ein, þó að þau séu góð þjóð, þá eru þau eins og aðrar  
þjóðir, þjóð sem hugsar fyrst og fremst um sjálfa  
sig og sinn eigin hag. Það er lofsvert, eins og ég sagði,  
að þau hafa samið við okkur sem jafningja, en við þurf-  
um að gæta okkar hagsmuna gagnvart þeim eins og öðrum,  
en einmitt í Atlantshafsráðinu, þá eru smáveldi, sem um  
margt hafa svipaða aðstöðu gagnvart Bandaríkjunum eins  
og við, samv smáveldi sem standa okkur næst að frænd-  
semi og menningu, svo sem Noregur og Danmörk, jafnvel  
land eins og Luxemburg, sem er lítið eitt sterra en við  
getur í mörgum tilfellum orðið okkur þar hjálplegt og  
túlkandi málstaðar okkar. Það er þess vegna ekki, það er  
ekki vinningur fyrir Ísland að fjarlægjast Norður- At-  
lantshafsráðið, þó að það sé gert á ekki meir áberandi  
hátt heldur en hér er gert, ef sá skilningur er réttur,  
sem ég nú er að tala um, heldur hlýtur það eingöngu að  
vera gert í því skyni, að það sé auðveldara að gera samn-  
ingin<sup>n</sup>,<sup>n</sup> tortryggilegan, auðveldara að halda áfram innan  
fárra mánaða, eins og hæstv. félmrh. sagði, í þeirri  
uppsögn, sem hann óskar eftir.

Nú skal ég fúslega játa, að litlu verður Vöggur  
~~þess~~ feginn, og ég sá á hæstv. félmrh., að hann þóttist  
nú allrogginn, þegar ég var að segja, að þetta mundi vera  
fyrir hann gert. Ég skal játa, að svo mikið, sem  
hann verður hefur orðið á sig að taka í þessu máli, þá  
er að vissu leyti ekki nema vona, að utanrrh. varpi  
í hann þessu litla mörsiðra, vegna þess að meira er það  
nú ekki. Þetta sker sem <sup>sa</sup> sagt engan veginn um málið. Það  
gerir það ekki. Þetta er til ills, ef þetta á að skilja

12  
6

á þann veg . Það er til ills eins og öll undanlátssemi við kommúnista, hvar sem er, en þá kem ég að öðru, sem ég veit ekki heldur, hvernig á að skilja, og veit ekki hvort er undanlátssemi við kommúnista eða eitthvað annað. Það stendur hér í upphafi annars hluta samningsins, með leyfi hestv. forseta:

"Komið verði á fót fastanefnd í varnarmálum Íslands, er skipað sé ekki fleirum en þremur ábyrgum fulltrúum frá hverri ríkisstjórn um sig."

Nú spyr ég hestv. utanrrh.: Hvað felst í þessu orði: ábyrgur fulltrúi?

Það sagði mér nú einhver, að þetta væri dálítið vafasöm þýðing og þetta hétu á enskunn: high level representatives.- Það merkir fulltrúi í góðri stöðu, og þá var það skýrt sem sagt: alþýðuflokksmaður.

Nú veit ég ekki, hvernig þetta á að skilja, en vildi óska nánari skýringar á því, og hún gæti t. d. fengist í því, að okkur væri svarað, hver á að skipa þessa nefnd. Það stendur sem sagt hér, að það sé ríkisstj. Og ef það er ríkisstj. öll, eins og stundum er skilið með slíkum, þá væri það mjög eðlilegt, að það væri einn frá hverjum stjórnarflokki, og hvað er þá ær orðið eftir af merkingunni í orðinu: ábyrgur?

Þá verð ég einnig að spyrja hestv. utanrrh. að því, við hvað sé átt með 2. tölulið 2. hluta samningsins. Þar stendur: "Að undirbúa, að svo miklu leyti sem hernaðarlegur viðbúnaður leyfir, að Íslendingar taki í ríkari mæli en áður að sér störf, er varða varnir landsins, á meðan vöð er á hæfum mönnum til slíkra starfa svo og að tryggja að menn séu æfir í þessu skyni." Það sem sagt, Íslendingar eiga þarna að taka að sér störf,

ervarða varnir landsins. Það er ekki tekið fram, eins og var í ~~utanríkis~~rályktuninni frá 28. marz: Þó ekki hernaðarstörf.

Það er alls ekki tekið fram þarna, sú takmörkun. Er þá hægt að skilja þetta á annan veg heldur en þann, að ætlunin sé sú, að nú eigi að fara að æfa Íslendinga til hernaðarstarfa og láta þá síðan<sup>n</sup> taka við þeim, þ. e. a. s. að Íslendingar eigi sjálfir að taka að sér varnirnar<sup>?</sup>. Það er því ríkari ástæða til þess að spyrja um þetta, þar sem stuðningsblað hæstv. ráðh., Þjóðviljinn, gat þess fyrir fáum dögum, að hann væri núroðið sammála mér um það, að við ættum að koma upp íslenskum her. Hann bara gleymdi að telja þriðja stórmennið með okkur, sjálfan hæstv. forsrh., af því að enginn hefur nú skýrar heldur en hann tekið það fram, að frambúðarlausn þessara mála<sup>r</sup> væri sú, að Íslendingar sjálfir kæmu sér upp sínu eigin varnarliði.

Nú er ekk<sup>u</sup> hægt að ræða það hér í kvöld til hlýtar, hvort það sé skynsamlegt, að Íslendingar komi upp sínu eigin varnarliði. Ég segi það hiklaust, sem mína skoðun, að án þess að Íslendingar hafi hug og dug til þess að koma sér upp svipuðu liði eins og heimavarnarlið er t. d. í Noregi, jafnvel í Færeyjum á stundum, þá verði þetta mál ætíð óleysanlegt.

Það hefur verið ráðist á mig fyrir það, að ég hafi sagt, að ef varnarliðið ætti að fara burt, þá yrði að styrkja íslenskt ríkisvald. Ja, hvað er sannara heldur en þetta<sup>?</sup> Er það ekki einmitt vegna þess, að íslenskt ríkisvald er of veikt, sem við verðum að hafa varnarliðið<sup>?</sup> Ef íslenskt ríkisvald væri styrkt með einhverju svipuðu eins og heimavarnarliði, einhverju svipuðu eins

~~SB~~ og maður helzt verður að telja að felist í því, sem hér segir, sem ég var að lesa <sup>uppa</sup> úr greininni og ég sízt átel, <sup>e</sup> Ef eitthvað slíkt væri gert, þá yrði allt þetta mál miklu auðveldara viðureignar heldur en ella, því að þeir tímar koma seint, jafnvel þeir friðartímar, enda er það játað af hæstv. utanrrh., að hægt sé að láta Ísland með öllu vera óvarið.

Hann vitnaði hér áðan í það, að við og ég hefðum lýst því yfir 1949, að á friðartímum þá vildum við Íslendingar frekar taka á okkur áhættuna af því að hafa landið óvarið heldur en að hafa hér erlent herlið og erlendar herstöðvar. Þetta endurtek ég enn í dag; þetta er óhagganleg sannfæring mín. Á friðartímum þá er það vissulega betra að eiga áhættuna yfir sér heldur en að ætla að setta sig við það, að hér verði um alla framtíð erlent herlið og erlend herstöð. En hæstv. utanrrh. og skoðanabráður hans í þessu máli, svo að ég sleppi nú fylgdarfarþeganum í því sambandi, þeir tala um það, að þeir haldi fast í stefnuna frá 1949, sem við sjálfstæðismenn höfðum yfirgefið, vegna þess að við vildum ekki samþykkja tillöguna í vor.

Nú er það út af fyrir sig svo, að komið hefur í ljós, að tímarnir frá <sup>því</sup> 28. marz hafa síður en svo verið nokkrir friðartímar. Á þeim fáu mánuðum, sem síðan eru liðnir, hefur sjaldan verið meiri og víðar hætta á stórstyrjöld um langt árabíl. En látum það eiga sig. Það, sem þessir menn, sem alltaf eru að vitna í stefnuna frá 1949, tala um nú, er einungis, að þeir vilja ekki hafa erlent herlið

hér á landi, en þeir vilja hafa erlenda herstöð hér á landi, jafnvel mannaða að miklu leyti, ef til vill mestu, af útlendingum, aðeins ef þeir eru ekki í erlendum einkennisbúningi.

Ég segi aftur á móti, að ég ef eiginleg herstöð, varnarstöð, á að vera hér, þá færi hún aldrei meiri hættu, eða þá réttara sagt í staðinn fyrir að vera landinu til öryggis og varnar, þá færir hún stórkostlega hættu yfir landið, ef hún á að vera varnarliðlaus. Þá er það það sama eins og að láta skambyssu liggja á borðinu, þar sem vitað er, að morðingjar séu í næsta nágrekni til þess að þeir geti gripið skambyssuna og eigi með fullri vissu í fullu tré við húsbóndann, sem þeir ætla að ráðast á.

Það má deila um það, hvort skynsamlegt hafi verið að koma upp þessum miklu varnarstöðvum hér á landi, en við skulum þá líka viðurkenna, að þær voru að miklu leyti settar án okkar óska, getum við a.m.k. sagt frá allt frá árinu 1940, þegar byrjað var að byggja flugvöllinn hér í Reykjavík, og með öllum þeim mannvirkjum, sem síðan hafa verið gerð, en eftir að þessi mannvirki eru komin og eru þess eðlis, sem þau eru, þá komumst við Íslendingar aldrei hjá því, að eitt hvert varnarlið verður að vera á stöðvunum, til þess að tryggja, að þau verði ekki eins og vopn, annað hvort í óvita-<sup>eða</sup> og morðingjahöndum, og einmitt þess vegna fagna ég því, ef hæstv. ríkisstj. er nú að stefna <sup>að</sup> því að koma á sams konar liði eins og ég og hæstv. forsrh. höfum áður fyrri vakið athygli á, að Íslandi væri brýn nauðsyn á. *W. M.* mér kemur þetta

auðvitað síður en svo á óvart um svo stefnufastan  
mann eins og hæstv. forsrh., sem vitanlega heldur  
því sama fram, þegar hann er í ríkisstj. eins og  
utan. Þjóðviljinn hefur nú skýrt frá því, að hann  
hafi, ásamt utanrrh., tekið þátt í þessum samningum.  
Ég geri ráð fyrir því, að það hafi nú ekki aðallega  
verið þáttur forsrh. að ómerkja ályktunina frá 28.  
marz og viðurkenna berum orðum, að þörf sé á varnar-  
liði hér á Íslandi. Ég geri ráð fyrir, að fyrir þá  
hreinskilnislegu játningu eigum við frekar hæstv.  
utanrrh. að þakka, en þá sjáum við líka, að hæstv.  
forsrh. hefur ekki verið þarna alveg iðjulaus, ef  
hann hefur komið því inn, að nú eigi í alvöru að  
fara að efna til íslenzks varnarliðs, eins og hann  
áður fyrri, þá í ríkisstj. einnig að vísu, stakk  
upp á, þó að hann væri þá með íhaldinu.

Skýrsla utanríkisráðherra um samningaviðræður  
um endurskoðun varnarsamnings.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég tel nú að vísu, að ég eigi rétt á því að halda hér fullkomna ræðu, vegna þess að fyrr í kvöld talaði ég eingöngu um þingsköp, - um það, hvort ástæða væri til þess og rétt að hefja þessar <sup>um</sup>viðræður algerlega undirbúningslaust og án þess að stjórnarandstaðan fengi í hendurnar og til athugunar þau gögn, sem allar umræður hljóta að hvíla á, en auðvitað hlýti ég úrskurði forseta og mun ekki troða illsakir við hann af þeim sökum. Ef hann vill varna mér máls, þá hefur hann vald til þess, og raunar gæti hann eins sagt, að við töluðum hér allir af hans miskunn, því að þetta eru ekki reglulegar umræður heldur utan dagskrár og efasamt, hvort þær eru heimilar í fyrsta lagi og þá í öðru lagi, hvort nokkur má tala annar en ráðherrann sá, sem gefur skýrsluna. En látum það eiga sig.

Ég vilda bara taka það skýrt fram strax, að því fer mjög fjarri, að svör hæstv. ráðh. við þeim fyrirspurnum, sem ég bar upp, væru fullnægjandi. Hann yfirleitt leiddi hjá sér, þó að hann talaði fagurlega og skynsamlega um málið, eins og hans var von og vísa, þá-leiddi-hann-hjá-sér að svara þeim ein-

Afh. þom. 10. des.



földu spurningum, sem fyrir hann voru bornar. Eg skal ekki fara að rekja þær allar nú en aðeins minna á það, að hann skýrði ekki, svaraði ekki því, hvort stjórnm.öll er sammála hæstv. félmrh. og hæstv. viðskmrh. um það að koma eigi í veg fyrir, að varnarframkvæmdir verði hafnar hér að nýju. Þetta er mjög mikilvægt mál, bæði vegna þess að það sýnir, hvort <sup>hér</sup> sé eingöngu um að ræða bráðabirgðasamkomulag eða samkomulag til lengri tíma og eins hitt, að mjög erfitt er að gera sér grein fyrir atvinnuástandinu í landinu á næstu mánuðum eða árum nema við vitum, hvað er fyrirhugað í þessum efnunum, og ég trúi því ekki, að stj. hafi ekki gert sér grein fyrir þessu. Hann svaraði því líka mjög óljóst, hvort þessi samningur ætti að standa aðeins nokkra mánuði, eins og hæstv. félmrh. eða lengur. Hann sagði, að það yrði ekki talið í dögum, ekki í vikum og ekki í mánuðum. Það minnir mig á það, að einn dagur sem þúsund ár og þúsund ár dagur ei meir. Það sýnist vera, að hér sé síður en svo tjaldað til neinnar einnar natur; það er helzt að líkja við eilífðina eftir þeirri upptalningu, sem hæstv. ráðh. gaf, og er þá þess líka að minnast, sem var sagt í Þjóðviljanum á fyrstu síðu í dag: Er dauði til eftir þetta líf? Er ekki ætlunin, að jafnvel þó að samningnum verði sagt upp æ ofan í æ, að þá verði hann alltaf endurnýjaður, þegar þar að kemur. ■

Það var einhver þm., sem skaut því hér fram á bekkjunum, að þegar hæstv. utanrrh. sagði, að Bandaríkjamenn hefðu byrjað samningana með því að segja,

að auðvitað færu þeir burtu með liðið á tilteknum tíma, ef Íslendingar krefðust þess, að þá hefði nú fyrst farið að fara um stj., þegar þeir heyrðu, að Bandaríkjamenn ætluðu að fylgja gerðum samningum og taka liðið á brott.

En Sannleikurinn er sá, að það er mjög gott að vera hreinskilinn í viðskiptum sínum við aðrar þjóðir, en það er líka nauðsynlegt, að það sé ~~hæk~~ hreinskilnislega hér sagt um hvað er verið að semja. Hæstv.

Hæstv. ráðh. gat þess, að hann hefði ekki - það var nú ekki út af minni fyrirspurn \* heldur fsp. hv. 3. þm. Reykv. (E01), að hann hefði ekki tekið þátt í neinum samningum um lán. Hann sagði: Ég tók ekki þátt í neinum samningum um lán, En ég spyr þá alveg hiklaust: Voru aðrir, sem tóku þátt í samningum um lán? Og ég skal spyrja aftur til þess að það sé alveg ljóst, hvað ég á við: Hvað var Vilhjálmur Þór, bankastjóri, að gera mánuðum saman eða a.m.k. vikum í Bandaríkjunum í haust og hver voru erindislok hans þá, og er nú ráðgert að eftir þessum samningum er lokið fari Vilhjálmur Þór aftur vestur? Það er kannske ekki að bítast við svari, en við skulum bara bíða og láta verkin tala.

Þá talaði hæstv. ráðh. um 7. gr., en hann fékkst ekki til þessað svara þeirri mjög einföldu spurningu: Er 7. gr. sammingsins breytt eða er henni ekki breytt? Hann segir, að það eigi að gera breytingu á framkvæmdinni, og hann segir að breytingin sé til bóta, en þó segir hann í öðru orðinu, að það sé engin breyt-

ing. Ja, eða er eða ekki er; það þriðja er ekki til. Annað hvort er 7. gr. óbreytt, og þá erum við skyldugir til að leita til NATO, <sup>setti að</sup> ~~ef~~ þú er að breyta henni á þann veg, sem ég gerði hér grein fyrir áðan, og þá er að segja það hráinskilnislega og þá höfum við fjarlægst NATO og þá er það <sup>gert</sup> til þess að gera ekki aðeins kommúnistunum heldur líka hæstv. forsrh. Ögn minna bumbult við það, sem hann á að kingja.

Sp. 6. des.  
15. f. C.

JóhH.

Skýrslau utanríkisráðherra um samningaviðræður um  
endurskoðun varnarsamnings.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Út af ummæl-  
um hæstv. félmrh., þeim síðustu, vil ég aðeins taka það  
fram, að það er engin nýjung í því samkomulagi, sem  
nú hefur verið gert, samkv. því sem hæstv. utanrrh.  
las upp, að það ~~er~~ sé á valdi íslensku ríkisstj.  
einnar að kveða á um það, hvort erlent herlið skuli  
vera hér eða ekki. Fyrirmæli varnarsamningsins um það,  
samningsins frá 1951, eru alveg ótvíráð, enda kom ekk-  
ert fram hjá hæstv. utanrrh., sem benti til þess að  
hann teldi hér vera um nýjung að ræða. Og eins er það  
síður en svo nýjung, að íslenska ríkisstj. geti ákveð-  
ið, hvenær uppsagnarfrestirnir eigi að hefjast. Það  
vald hefur hún haft, og fljótt á litið virðist sú ein  
breyting vera nú á samningnum frá því sem verið hefur,  
að leita <sup>a</sup> ~~á~~ samráðs við Bandaríkin ein, um það, hvenær  
þessir samningar skuli hefjast, í stað þess að áður  
átti að hafa samráð við öll Atlantshafsríkin. Hvort  
það er svo styrkur Íslandi eða ekki, skal ég ekki  
segja. Í þessu efni eru mörg vafamál. Þó vil ég taka  
það skýrt fram, að varðandi meginefni málsins, þá er ég  
hæstv. utanrrh. þakklátur, <sup>h</sup> hann hefur, varðandi það, sem  
mestu máli skiptir, fylgt eftir þeirri till. til þál.,

afh. f.m. 10. des.

sem við sjálfstæðismenn bárum fram <sup>mi</sup> fyrir tæpum mánuði, og komið í veg fyrir það, að varnarliðið yrði flutt burt frá landinu og í verki gert þa að engu samþykkt Alþingis frá 28. marz. Þetta virðist vera ljóst, jafnvel við fljóta athugun, og fyrir það þakka ég hæstv. utanrrh. og tel, að hann eigi alþjóðarlof skilið fyrir, enda er vitað, að það var bein krafa meginþorralandsmanna, að þannig yrði farið að, eins og við sjálfstæðismenn lögðum til í till. okkar, þó að stjórnarliði hefði þá ekki geð í sér til að samþ. till., heldur reyndi að eyða henni, þá ber þó að meta hitt meira, að í framkvæmd hafa þeir um þetta farið eftir okkar ábendingum, og er það þeim sem sagt til verðugs heiðurs. Það verður svo auðvitað að fyrirgefast, ef svo má segja, þó að reynt sé að gera þá nokkuð beisku pillu, sem þetta hefur verið fyrir sumu, eilítið sætari með nokkrum umbúðum. Við þekkjum það, þegar á að fá niður í sjúk- an maga eða óþekkan krakka, holl læknislyf, þá er sett utan á það súkkulaði eða eitthvað annað, til þess að þetta gangi betur niður, og mér virtist að margt í þeim umbúðum, sem hæstv. utanrrh. hér var <sup>ad</sup> gera okkur grein fyrir <sup>a</sup> væri þess eðlis, að það væri þe til þess að gera sumum, <sup>- ég skal ekki nafngreina þa,</sup> það er óþarft, léttara að kringja því, sem þeir nú þurfa að kringja.

Nú að svo miklu leyti, sem það nær ekki lengra, þá er það meinlaust. Það er engin ánægja fyrir okkur að sjá þessa menn kúgast meira <sup>heldur</sup> en þeir þurfa, og þess vegna er það gott og lýsir stjórnvitzku hæstv. utanrrh., ef honum hefur tekizt að friða sitt lið með þessum umbúðum, <sup>þ</sup> en hins vegar verð ég að segja, að ég ég get

ekki áttað mig til hlítar á því, hvort umbúðirnar eru að öllu leyti úr skaðlausu efni, Til þess þarf að efna greina þar betur. Það þarf að gefast kostur á því að skoða nánar, hvað hér hefur verið gert, heldur en við eigum kost á með því að heyra nokkuð skjótlega upplæsinga tilkynningu í lok hinnar nokkuð löngu löngu ræðu hást. utanrrh.

Ég tel, að í því sambandi komi ýmis vafaatriði upp og athuga þurfi nánar, hvort allt það stenz, sem hann um það sagði. Nú er það kunnugt, að allir þm., nema sjálfstæðisþingmenn, hafa átt þess kost að kynna sér þetta samkomulag, sumir nokkuð lengi, aðrir eitthvað skemur. Enginn okkar hefur hins vegar heyrt þetta, þó að við höfum heyrt margt á skotspónum, þá höfum við hvorki leynt né ljóst tekið þátt í þessum umr., verið þar til kvaddir, né fylgzt með því, sem gerzt hefur. Þess vegna tel ég það sanngjarnu að áður en þessum umr. verður haldið áfram og áður en farið verði að telja ræputíma minn eða annarra þeim til reiknings varðandi áframhaldandi umr., þá verði þessum fundi frestað eða meðferð málsins frestað.

Ég vildi óska þess, að umr. yrði frestað til morguns, okkur yrði gefið fari á því að ræða þetta mál á venjulegum þingtíma á morgun og hást. utanrrh. léti okkur til athugunar í té tilkynningu þá, sem hann nú hefur lesið, til þess að við mættum skoða hana og íhuga, hvað í henni felst.

JóhH.

Skýrsla utanrrh. um samningaviðræður um endurskoðun  
varnarsamnings.

Þjarni Benediktsson? Herra forseti. Ég óska þá, að það verði gefið fundarhlé og hæstv. utanrrh. láti Sjálfstfl. í té þau gögn, sem hér er um að ræða, og við fáum fundarhlé fram yfir matartíma, til íhugunar málsins og <sup>til að</sup> skoða þau plögg, sem fyrir hendi eru. [Að öðru leyti vil ég taka það fram, að ég efast ekki um, að það sé rétt hjá hæstv. utanrrh., að skjöl málsins hafi ekki gengið á milli annarra þingflokka. Mitt veit ég, að aðrir þm. hafa átt kost á því að kynna sér meginefni málsins, og ég er út af fyrir sig ekki að setja neitt út á það, það er eðlilegt að stjórnin þreifir fyrir sér hjá sínum mönnum um það, hvað hún er að semja, en það bara sýnir að það er mismunur, eðlilegur mismunur á þeirra þingmannaástöðu og þeirra-~~sem~~ okkar, sem í stjórnarandstöðu eru, en jafnframt er það sjálfsagt, að úr því að málið er tekið til umr., ~~á þá~~ sé okkur gefið á annað borð á Alþingi, þá sé okkur gefin kostur á því að lesa yfir það, sem umr. hljóta að byggjast á, ef þar eiga að haldast áfram, og ef hér áttu ekki að verða umr., þá var ástæðulaust að boða til fundarins, heldur var hægt að gefa tilkynninguna með öðru móti.

Umr. frestað.

Sgh. þann. 10. des.

# Morgunblaðið

43. árgangur

308. tbl. — Laugardagur 29. desember 1956

Prentsmíðja Morgunblaðsins



Saburov gagnrýndur . . .



. . . Pervukhin tekur við.

## Skipt um „skipulag“

Moskvu, skv. fréttum frá Reuter.

SÚ ákvörðun var tekin á fundi miðstjórnar rússneska kommúnistaflokksins að Maxim Saburov, sem verið hefur formaður skipulagsnefndar efnahagsmála Sovétríkjanna skyldi láta af embætti. Kom þessi ákvörðun í kjölfar mjög harðrar gagnrýni á hendur skipulagsnefndinni.

Í stað hans var skipaður í þetta embætti M. G. Pervukhin varaforsætisráðh. Hann er 52 ára og hefur getið sér gott orð í Rúss-

landi sem athafnasamur maður en er ekki talinn mikill stjórnmalamaður.

Jafnframt þessu var skipulagsnefndin endurskipulögð. Fjórir menn gengu úr henni og aðrir fjórir komu inn. Því er lýst yfir að aðalverk hennar verði að hindra eyðslu og endurskoða núverandi 5 ára áætlun.

## Rússar ákveða að endurskoða núverandi fimm-ára áætlun

### Kom í ljós á miðstjórnarfundi rússneska kommúnistaflokksins að við mikla efnahagsörðugleika er að etja

Moskvu — Samkv. fréttum frá Reuter.

MIÐSTJÓRN rússneska kommúnistaflokksins hefur ákveðið að breytingar skuli gerðar á fimm ára áætluninni, sem nú hefur staðið í eitt ár, vegna ýmissa erfiðleika, sem orðið hafa á framkvæmd hennar. Er þess getið í ályktunum miðstjórnarinnar, að mikið vanti á að áætlanir um íbúðabyggingar standist. Sömuleiðis segir þar að framleiðsla á kolum, málmum, sementi og trjávið á árinu 1956 sé undir áætlun. — Fréttamenn á Vesturlöndum skýra breytingarnar sem nú standa fyrir dyrum í efnahagskerfi Rússlands, að nú sé áætlunin að reyna að auka staðbundið einkaframtak, en jafnframt styrkja eftirlit ríkisvaldsins á efnahagsviðinu.

### SKYNDIFUNDUR Í FIMM DAGA

Í miðstjórn rússneska kommúnistaflokksins eiga sæti 133 aðal fulltrúar og 122 varafulltrúar. Voru þeir kvaddir mjög skyndilega saman á fund þann 19. des. og stóðu fundir fram á aðfangadagskvöld. Eftir jólin hafa nokkr-

ar ályktanir fundarins verið birtar. —

### VANRÆKSLA OG MISTÖK

Í ályktunum er það athyglisverðast, að farið er hörðum gagnrýnisorðum um „vanrækslu og mistök“ í starfi skipulagsnefndar efnahagslífsins. Er sérstaklega víkið að því, hve íbúðabyggingar gangi seint, en húsnæðisskortur er mikill í Sovétríkjunum, einkum þó í Moskvu.

### EKKERT RÆTT UM UNGVERJALAND

Þetta er fyrsti opinberi miðstjórnarfundurinn eftir að hlið

umbrotasama 20. þing kommúnistaflokksins var haldið í febrúar sl. Vekur það því nokkra undrun, að af ályktunum þeim sem gefnar hafa verið út er ekki að sjá, að meginstjórnarmál né hugsjónagrundvöllur flokksins né atburðirnir í Ungverjalandi hafi verið ræddir, heldur eingöngu efnahagsmál. — Telja vestrænir fregnitarar, að þetta stafi af því að efnahagsmálanum hafi Frh. á bls. 15.

## Kventólkið slóst um handklæðin

PRAG — Fyrir jólin kom til slagsmála í fjölmörgum verzlunum í Prag. Var það eingöngu kventólkið, sem áttist við. Ástæðan var sú, að nú komu í verzlunir vörur frá Vesturlöndum í fyrsta skipti síðan kommúnistar hrífsuðu til sín völdin. Var hér nær eingöngu um að ræða vefnaðarvöru — sem talin er til nauðsynja á Vesturlöndum — svo sem handklæði o. fl. Í sumum verzlunum fór svo, að lögreglan varð að skerast í leikinn til þess að forða slysum — því að við borð lá að margar træðst undir, svo mikill var ákafi kventólksins í að ná í þessa sjaldsæðu vöru.

## Neyðarástand í Los Angeles

◆ Los Angeles, 28. des. — Ríkisstjórnin í Kaliforníu, Goodwin Knight, hefur lýst yfir neyðarástandi í allri Los Angeles-sýslu, sem stórborgin Los Angeles er í. Ástæðan er svonefndur Malibu-kjarrbruni, sem hefur nú á skömmum tíma breiðst út um 10 þús. ferkílómetra svæði. Síð-

ast þegar til fréttist höfðu 68 hús eyðilagzt í brunanum, en þó hefur aðeins einn maður látið lífið.

◆ Um tíma virtist sem ströngur úr kjarrbruninum ætlaði að ná fram til Belair-íbúðahverfisins, þar sem margar frægar kvikmyndastjórnur búa, en það tókst að hindra.

◆ Með yfirlýsingu neyðarástandsins verða brunamál Kaliforníu endurskipulögð um tíma til þess að sem fjölmennast slökkvilið geti farið til Los Angeles án þess þó að veikja brunavarnir annars staðar svo að hætta stafi af. — Reuter.

## Illræmdir stalinistar og samstarfsmenn Rakosi skjóta aftur upp kalli

ÞAD verður nú æ meir áberandi, að ýmsir gamlir ungerskir Stalinistar, sem horfið höfðu frá áhrifum og völdum fyrir byltinguna, eru að skjóta upp kollinum aftur sem áhrifamenn undir stjórn Kadars. Er það ekki talinn fyrirboði góðs í Búdapest og veldur það nokkru um, að ungerskur almenningur trúir vart lausafregnum um að stjórn Kadars ætli að lina tökin.

### SKRIFADI RÆÐUR RAKOSIS

Sem dæmi um gamla Stalinista sem nú koma fram á sjónarsviðið má nefna Istun Frish, sem hefur verið skipaður ritstjóri mál gagns kommúnistaflokksins New Szabad-sag. Frish þessi var á sínum tíma einn allra nánastj samstarfsmaður Stalinistans Rakosi. Er það sögn manna, að hann hafi skrifað margar ræður um Rakosis og einnig sá hann um persónulegan áróður fyrir Rakosi, svo sem birtingar á myndum af honum o. fl.

Istun Frish hvarf frá Ungverjalandi um sama leyti og Rakosi missti völdin. Hann er Moskvulærður. Kom til Ungverjalands með Rauða hernum í styrjaldarlok og hefur rússneskan borgararétt.

### ILLRÆMDUR ÁRÓÐURSMÁÐUR

Annar Stalinisti, sem aftur hefur komizt til valda og virðinga síðustu vikur er Sandor Nogradi. Hann var skipaður nýlega aftur í miðstjórn ungerska kommún-

istaflokksins. Á dögum Rakosis var hann mjög illa liðinn, enda var hann yfirmaður áróðursdeildar ungerska hersins, sem átti að sjá um að ungerskir hermenn fengu tilhlýðilega pólitíska kennslu.

## Sameiginleg norræn sendiráð?

KAUPMANNAHÖFN, 28. des. — Þegar Norðurlandaráðið kemur saman til fundar í Helsingfors í febrúar nk. munu fjórir danskir þingmenn bera fram tillögu um að fjögur Norðurlandanna, Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð komi á hjá sér samstarfi í utanríkisþjónustunni, þannig að þau hafi sameiginleg sendiráð. Er tillaga þessi fram komin vegna sívaxandi kostnaðar við utanríkisþjónustuna í öllum þessum löndum. — Reuter.

## Kínverjar lýsa sig lúta forystu Rússa

### Stalinistar fá liðsauka úr austri

Peking, 28. des. — Einkaskeyti frá Reuter.

★ Kínverska kommúnistastjórnin lýsti því opinberlega yfir í dag, að Kínverjar vildu enn lúta forustu rússneska kommúnistaflokksins.

★ Jafnframt lét hún í ljós stuðning við aðgerðir Rússa í Ungverjalandi til að bæla niður gagnbyltinguna.

★ Þá kvað hún Stalin hafa verið mikinn byltingarsinna í anda Marx og Lenins, þó að honum hefðu orðið nokkur mistök á.

★ Kommúnistastjórnin vítti að lokum Tító einræðisherra Júgóslavíu fyrir ræðu þá er hann flutti í Pola og birt var 15. nóvember, en þar hafði Tító sagt, að mikill ágreiningur væri meðal kommúnista Austur-Evrópu, jafnvel væru sumir sem vildu taka upp að nýju stefnu Stalins.

### ★ HAFNA LEIÐ TÍTÓS

Allar þessar þýðingarmiklu yfirlýsingar kínversku kommúnistastjórnarinnar birtust í blaði kínverska kommúnistaflokksins, „Alþýðudagblaðinu“. Er það nú talið afskorið mál, að Kína gangi að sinni sömu braut þjóðfrelsis og Júgóslavíu hefur gert undir stjórn Títós, en uppi hafa verið raddir um að svo kynni að fara.

### ★ LÚTA FORYSTU RÚSSA

Í yfirlýsinguinni er farið sérlega hörðum orðum um Tító.

Sagt er að afstaða hans geti aðeins leitt til sundrunar meðal kommúnistaflokkanna, því að kommúnistaflokkar allra landa verði að lúta forystu rússneska kommúnistaflokksins.

### ★ MISTÖK STALINS SMÁVÆGILEG

Kínverska kommúnistastjórnin telur einnig að Tító geri of mikið úr mistökum Stalins. Honum hafi að vísu orðið mistök Framh. á bls. 15

## Bandarískt herlið í nálægum Austurlöndum?

WASHINGTON, 28. des. — Orðrómur í höfuðborg Bandaríkjanna hermir, að Eisenhower ihugi nú, hvort hann eigi að æskja heimildar sambandsþingsins til að beita bandarísku herliði í nálægum Austurlöndum ef þörf gerist.

Ef þingið veitir slíka heimild er búizt við að hún verði í sama formi og ályktun sú sem það samþykkti fyrir tveimur árum og heimilaði forseta að beita bandarísku herliði við Formósa, ef þörf gerðist.

Engin opinber staðfesting hefur fengizt á þessum orðrómi en tilkynnt hefur verið að Dulles utanríkisráðherra hafi í dag átt viðræður við forsetann um vanda mál nálægari Austurlanda. Auk þess mun Dulles ræða við Hammar-skjöld á sunnudag og á nýársdag mun hann skýra stefnu Bandaríkjanna í málum nálægri Austurlanda fyrir hópi bandarískra þingmanna.